# Samrunasamningur
# Festu lífeyrissjóðs og Gildis-lífeyrissjóðs

Stjórnir Gildis-lífeyrissjóðs, kt. 561195-2779, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, hér eftir „Gildi" og Festu lífeyrissjóðs kt. 571171-0239, Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbæ, hér eftir „Festa", gera í dag með sér svofelldan samning um sameiningu lífeyrissjóðanna með þeim skilmálum sem í samningi þessum greinir.

## 1. Markmið sameiningar

Markmið sameiningar lífeyrissjóðanna er að bæta hag sjóðfélaga með því að:

- nýta aukna stærð sameinaðs sjóðs til að ná fram frekari hagkvæmni í rekstri og hlutfallslega minni rekstrarkostnaði til lengri tíma,
- nýta tækni, sjálfvirkni og stafrænar lausnir í enn ríkari mæli til að efla þjónustu við sjóðfélaga og aðra hagaðila, samhliða því að mæta auknum kröfum um rekstrar- og upplýsingaöryggi,
- nýta aukna stærð eignasafns og slagkraft í stýringu eigna til að stuðla að góðri ávöxtun til lengri tíma og styrkja þannig fjárhagslegar forsendur lífeyrisréttinda sjóðfélaga og séreignasparnaðar þeirra,
- byggja á sterkri faglegri getu sjóðanna með breiðari þekkingargrunni og auknum tækifærum til sérhæfingar starfsfólks,
- efla þjónustustig, persónubundna þjónustu við sjóðfélaga, ráðgjöf um lífeyrismál og aðgengi að upplýsingum,
- styrkja stöðu sameinaðs sjóðs sem öflugs langtímafjárfestis og ábyrgs þátttakanda á íslenskum fjármálamarkaði.

Sameinaður sjóður hefur það markmið að vera traustur og eftirsóttur kostur til uppbyggingar lífeyrisréttinda og séreignasparnaðar, með áherslu á öfluga þjónustu, hagkvæman rekstur, ábyrga stýringu eigna og sköpun langtímaverðmæta í þágu sjóðfélaga.

## 2. Ávinningur af sameiningu

Sjóðirnir hafa með aðstoð ytri ráðgjafa metið hagkvæmni sameiningar og þann ávinning sem hún er líkleg til að leiða af sér fyrir sjóðfélaga. Væntur ávinningur er margþættur og snýr einkum að aukinni stærðarhagkvæmni sem styrkir rekstrargrundvöll sameinaðs sjóðs og skapar tækifæri til hagræðingar í rekstri og lækkunar fjárfestingargjalda til hagsbóta fyrir sjóðfélaga.

Samkvæmt fyrirliggjandi mati er áætlað að árleg samlegðaráhrif í rekstri sameinaðs sjóðs geti numið 200 til 340 m.kr., sem samsvarar um 9 til 15% af rekstrarkostnaði sjóðanna. Matið byggir á rekstrartölum sjóðanna fyrir árið 2025. Þá er jafnframt áætlað að aukin stærðarhagkvæmni sem fylgir stærra eignasafni sameinaðs sjóðs geti leitt til 430 til 850 m.kr. árlegs ávinnings vegna lægri fjárfestingargjalda, einkum vegna betri samningskjara og aukinna

stærðarafslátta hjá erlendum stýringaraðilum. Samsvarar það um 7 til 14% af samanlögðum fjárfestingargjöldum sjóðanna fyrir sameiningu.

Ávinningur sameiningar felst þó ekki eingöngu í minni kostnaði. Sameinaður sjóður hefði sterkari samningsstöðu, aukna getu til að sækja hagkvæmari fjárfestingarkosti og betri forsendur til að nýta tækifæri sem oft standa aðeins stærri fjárfestum til boða. Jafnframt muni aukin stærð og breiðari fagþekking styrkja starfsemi sjóðsins á öllum helstu sviðum, þar á meðal í eigna- og áhættustýringu, réttindamálum, þjónustu við sjóðfélaga, upplýsingatækni og annarri þjónustu- og stoðstarfsemi. Sameinaður sjóður hafi þannig betri forsendur til að byggja upp sérhæfða þekkingu, auka rekstraröryggi og mæta þannig sívaxandi kröfum til starfsemi lífeyrissjóða.

Það er jafnframt mikilvæg forsenda fyrir sameiningu að sjóðirnir eru um margt sambærilegir hvað varðar sjóðfélagahópa, réttindakerfi og tryggingafræðilegar forsendur. Þessi líkindi eru til þess fallin að auðvelda samþættingu starfseminnar og skapa góð skilyrði til að ná fram þeim ávinningi sem að er stefnt.

Fyrir sjóðfélaga getur þessi þróun meðal annars skilað sér í minni rekstrar- og fjárfestingarkostnaði, öflugri þjónustu, auknu rekstraröryggi og betri langtímaávöxtun. Sameinaður sjóður hafi jafnframt meiri burði til að fjárfesta í stafrænum lausnum, sjálfvirkni, upplýsingagjöf og ráðgjöf til sjóðfélaga og þannig aukið aðgengi að upplýsingum og stuðlað að enn skilvirkari þjónustu á komandi árum. Þá verði lagður grunnur að öflugri og hagkvæmari lífeyrissjóði sem verði betur í stakk búinn til að tryggja hagsmuni sjóðfélaga og skapa þeim verðmæti til lengri tíma.

Stjórnir og framkvæmdastjórar beggja sjóða eru sammála um að verulegur ávinningur sé af samrunanum fyrir sjóðfélaga beggja lífeyrissjóða, sbr. ofangreint. Liggur það til grundvallar ákvörðunar stjórna sjóðanna um sameiningu þeirra. Nánar verður gerð grein fyrir ætluðum ávinningi af sameiningunni í aðdraganda fyrirhugaðra aukaársfunda beggja sjóða.

## 3. Samrunaferli

Fyrir hagræðissakir verður sameiningunni hagað með þeim hætti, að allar eignir, réttindi og skuldbindingar Festu miðað við stöðu þeirra þann 31.12.2026, renna inn í Gildi, enda hafi þá öll skilyrði skv. 8. gr. samnings þessa verið uppfyllt. Sameining sjóðanna gildi frá 1. janúar 2027 og tekur sameinaður sjóður þá við öllum skuldbindingum gagnvart sjóðfélögum og öðrum hagaðilum enda taki þá gildi breytingar á samþykktum sem af sameiningunni leiða, sbr. þó grein 9. Frá sama tíma tekur sameinaður lífeyrissjóður við iðgjöldum allra sjóðfélaga á grundvelli nýrra samþykkta.

Viðræðunefnd, skipuð formönnum, varaformönnum og framkvæmdastjórum beggja sjóða skal stýra undirbúningi sameiningar og gerð tillagna um breytingar á ákvæðum samþykkta, sem lagðar verða fyrir stjórnir sjóðanna. Miðað er við að stjórnir sjóðanna taki afstöðu til tillagna og boði til aukaársfunda með tilskildum fyrirvara til að taka afstöðu til tillögu um sameiningu sjóðanna. Miðað er við að Festa haldi aukaársfund 4. nóvember nk. og Gildi þann 5. nóvember nk.

Forsenda samruna lífeyrissjóðanna er sú, að sjóðfélagar beggja sjóða eigi eftir sameininguna jafn verðmæt réttindi og þeir áttu fyrir og að tryggt sé að samruninn leiði ekki fram ávinning sjóðfélaga annars sjóðsins á kostnað hins, heldur styrki hann þvert á móti grundvöll lífeyrisréttinda sjóðfélaga beggja sjóða.

Við mat á eignum og skuldbindingum sjóðanna á sameiningardegi skal þess gætt að fyllsta samræmi sé milli aðferða og viðmiða sem beitt er gagnvart báðum sjóðum við það mat og mismunur í stöðu sjóðanna sé jafnaður með skilvirkum hætti eins og nánar er mælt fyrir um í 5. og 7. gr. samnings þessa.

## 4. Endurskoðun samþykkta, grundvöllur lífeyrisréttinda

Viðræðunefndin hefur í samráði við ytri ráðgjafa og tryggingastærðfræðinga sjóðanna borið saman ákvæði samþykkta Gildis og Festu og mun gera tillögur um breytingar á samþykktum þeirra þar sem ákvæði í samþykktum sjóðanna gefa tilefni til. Samþykktirnar verða samhliða endurskoðaðar með það að markmiði að fella út úr þeim ákvæði sem ekki hafa lengur þýðingu fyrir ákvörðun réttinda eða breytingu þeirra.

Miðað er við að ný réttindatafla, byggð á tryggingafræðilegum forsendum sameinaðs sjóðs verði samþykkt sem hluti af samþykktum Gildis fyrir sameinaðan sjóð. Ætlað er að ný réttindatafla endurspegli í stórum dráttum réttindatöflu sem reiknuð hefur verið út fyrir Gildi að ¾ hlutum og gildandi réttindatöflu Festu að ¼ hluta, þ.e. í hlutfalli við iðgjöld sjóðanna.

Miðað er við að viðræðunefndin skili stjórnum sjóðanna endanlegum tillögum um breytingar á ákvæðum samþykkta eigi síðar en 18. september nk. og að stjórnir sjóðanna ljúki umfjöllun um þær og tillögu að sameiningu eigi síðar en 2. október nk. Ávinnsla réttinda í sameinuðum sjóði verður skv. endurskoðuðum samþykktum sjóðsins og þeirri ávinnslutöflu sem tekur gildi við sameininguna.

## 5. Mat á eignum og skuldbindingum sjóðanna

Ársreikningar lífeyrissjóðanna eru gerðir samkvæmt reglum nr. 335/2015 með síðari breytingum sem settar eru af Seðlabanka Íslands. Í þeim reglum er kveðið á um hvernig meta skuli einstaka eignaflokka sem og skuldir. Eignamat sjóðanna á því í meginatriðum að vera svipað. Það er helst að blæbrigðamunur geti verið á mati óskráðra hlutabréfa, mati á útistandandi iðgjöldum og niðurfærslum vegna þeirra svo og mat á niðurfærslum vegna veðskuldabréfa.

Sjóðirnir ásamt ytri endurskoðendum þeirra munu yfirfara matsreglur fyrir helstu óskráðu eignir og eignaflokka þar sem munur kann að vera á verklagi sjóðanna og staðreyna fyrir aukaársfundi sjóðanna þannig að mismunur þar á sé ekki til þess fallinn að valda umtalsverðum breytingum á innbyrðis stöðu sjóðanna við endanlegt uppgjör þeirra. Þá verður haft náið samráð um eignamat í tengslum við gerð og endurskoðun ársreikninga sjóðanna fyrir árið 2026 til að tryggja að fyllsta samræmis verði gætt í eignamati. Náist ekki samstaða um mat á einstaka eignum skulu sjóðirnir sameinast um að kalla til kunnáttumann um eignamat, sem úrskurði um ágreininginn.

Við tryggingafræðilega úttekt verða eignir og skuldbindingar beggja sjóða metnar með sama hætti samkvæmt reglugerð nr. 391/1998 með síðari breytingum á grunni samræmds eignamats ársreikninganna.

## 6. Yfirfærsla áunninna lífeyrisréttinda

Við gildistöku sameiningar flytjast öll áunnin réttindi í Festu yfir í sameinaðan sjóð, en varðveita skal þau sérstaklega í samræmi við ákvæði samþykkta þar um.

Ákvæði samþykkta Gildis og Festu eru í öllum grundvallaratriðum samhljóða og þær breytingar á samþykktum sem viðræðunefndin gerir tillögur um ekki til þess fallnar að raska tryggingarfræðilegum forsendum þannig að misræmi eigna og skuldbindinga aukist svo nokkru nemi. Áunnin réttindi til lífeyris í báðum sjóðunum, hvort heldur það er elli-, örorku, barna-, eða makalífeyrisréttindi, haldast óbreytt, ef frá eru talin áhrif af jöfnun á mögulegu misvægi eigna og skuldbindinga.

Innstæður sjóðfélaga í séreign verða óbreyttar við sameininguna. Á næstu mánuðum eftir sameiningu er hins vegar miðað við að Sparnaðarleið 1 hjá Festu verði sameinuð Eign 20/80 hjá Gildi og Sparnaðarleið 2 sameinuð Eign 50/50. Áður en þær breytingar koma til framkvæmda verður sjóðfélögum nánar gerð grein fyrir hvað í þeim felst ásamt fleiri valkostum sem þeim mun standa til boða.

## 7. Um jöfnun eigna og skuldbindinga

Þegar ársreikningar sjóðanna fyrir árið 2026 liggja fyrir skal gera tryggingafræðilegt mat á skuldbindingum þeirra hvors um sig og stöðu þeirra miðað við eignir, þannig að fyrir liggi bæði mat á áföllnum og framtíðarskuldbindingum beggja sjóða. Mat á áföllnum skuldbindingum miðast við forsendur hvors sjóðs í árslok 2026.

Fyrir liggur að skuldbindingar beggja sjóða voru nokkuð umfram eignir þeirra í árslok 2025 og ekki eru horfur á að jöfnuði verði náð á árinu 2026. Halli er hins vegar ekki umfram lögbundin mörk, svo ekki er gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum í tengslum við sameininguna til að jafna að fullu eignir og skuldbindingar sjóðanna. Takmarkist jöfnunaraðgerðir því við það að ná fullum jöfnuði milli sjóðanna hvorum gagnvart öðrum.

Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna hvorum gagnvart öðrum og því hvort þörf sé á jöfnunaraðgerðum skal horft til;

1. áfallinnar stöðu án kostnaðar 31.12.2026 miðað við tryggingafræðilegar forsendur hvors sjóðs.
2. mismunar í umfangi skuldbindinga vegna réttinda sjóðfélaga til að greiða iðgjald í jafnri réttindaávinnslu til framtíðar.
3. mismunar í áhrifum þess að innleiða nýja samræmda réttindatöflu sem miðast við sérhæfðar tryggingafræðilegar forsendur hvors sjóðs.

4. áhrifa jöfnunarframlags örorku til framtíðar hjá báðum sjóðum miðað við núgildandi reglur.

Fjárhagsleg áhrif tryggingafræðilegra matsþátta skv. 2, 3. og 4 tölul. hér að framan skulu metin skv. tryggingafræðilegum forsendum miðað við 31.12.2026 og þannig leitt fram mat á fjárhagslegri stöðu eigna og skuldbindinga hvors sjóðs miðað við sömu forsendur og því, hvort lækka þarf réttindi í öðrum sjóðnum svo fullu jafnvægi sé komið á.

Reynist mismunur áfallinna eigna og skuldbindinga meiri í öðrum sjóðnum en hinum skal jafna þann mun með lækkun réttinda í þeim sjóðnum sem lakar stendur, þannig að jöfnuði sé náð. Með fundarboði fyrsta ársfundar sameinaðs lífeyrissjóðs sem haldinn verði fyrir lok maímánaðar 2027 skal fylgja tryggingarfræðileg úttekt skv. framantöldum forsendum, þar sem grein er gerð fyrir því hvaða breyting hafi verið gerð á áunnum réttindum skv. framangreindri reglu svo jöfnuði sé náð. Komi til þessa skal sú lækkun áunninna réttinda sem af þessu leiðir færð til bókar miðað við 31. desember 2026. Þá fylgi fundarboði yfirlit um tryggingafræðilega stöðu sameinaðs sjóðs þann 1. janúar 2027.

Til að draga úr ófyrirséðum áhrifum af jöfnun réttinda á lífeyrisgreiðslur þeirra sem við sameininguna taka lífeyri úr þeim sjóð sem lakar stendur, skal haga aðlögun lífeyrisgreiðslna að leiðréttum réttindum á þann veg, að frá 1. september 2027 taki lífeyrisgreiðslur viðkomandi sjóðfélaga ekki verðbótum fyrr en uppsöfnuð áhrif verðbóta eru orðin jafnhá þeim hundraðshluta sem skerðing réttinda vegna jöfnunar nam. Eftir að því marki er náð verðbætast lífeyrisréttindi viðkomandi sjóðfélaga skv. almennum reglum sjóðsins.

## 8. Áætlun um framkvæmd sameiningar

Tillaga um sameiningu lífeyrissjóðanna verður fyrst tekin til afgreiðslu á aukaársfundi Festu 4. nóvember nk. og þá á grundvelli fyrirliggjandi tillögu um samþykktir og nánari skilmála sameiningar og með fyrirvara um að þær hljóti samþykki aukaársfundar Gildis, sem haldinn verði degi síðar, þann 5. nóvember. Miðað er við að nýjar samþykktir Gildis öðlist gildi 1. janúar 2027

Samþykki aukaársfundir Festu og Gildis tillögu um sameiningu sjóðanna og breytingu á samþykktum sem af því leiða skal viðræðunefnd sjóðanna þegar hefja nánari undirbúning að samruna sjóðanna og skipulagi á starfsemi.

### 8.1 Stjórnir

Til að greiða fyrir hnökralausri framkvæmd sameiningar verði til bráðabirgða fjölgað um tvo í stjórn Gildis og taki þá formaður og varaformaður stjórnar Festu sæti í stjórninni, hvor með sinn varamann, sem valdir verða úr hópi aðalmanna í stjórn Festu. Gildi sú skipan frá því sameining öðlast gildi og fram að fyrsta ársfundi sameinaðs sjóð.

Stjórn Festu starfi áfram fram að ársfundi og undirbúi og leggi fyrir þann fund ársskýrslu og ársreikning vegna starfsársins 2026. Jafnframt hafi stjórnin það hlutverk að fylgjast með framvindu tryggingafræðilegs uppgjörs. skv.7. gr.

Í drögum að samþykktum sameinaðs sjóðs eru ákvæði sem ætlað er að tryggja öllum aðildarfélögum sjóðsins rétt til eðlilegrar og nauðsynlegrar þátttöku í fulltrúaráði í samræmi við hlutdeild félagsmanna í iðgjaldagreiðslum. Við sameiningu verði fjölgað í fulltrúaráði úr 80 fulltrúum í 100 annars vegar frá samtökum atvinnurekenda og hins vegar samtökum launamanna. Tilnefna aðildarfélög Festu þá 25 fulltrúa frá hvorum aðila til setu í ráðinu en aðildarfélög Gildis 75. Fjöldi fulltrúa sem hvert aðildarfélag skipar skal tilgreindur í ákvæði til bráðabirgða í samþykktum sameinaðs sjóðs á grundvelli síðustu útreikninga, sem gildir frá gildistöku samruna og út árið 2027. Eftir það fer um skiptingu fulltrúa á hlutaðeigandi aðildarfélög eftir meginreglu 5. kafla samþykkta sjóðsins um að vægi iðgjaldsgreiðslna félagsmanna aðildarfélaganna ráði skiptingu fulltrúa en um það verða mótaðar nánari verklagsreglur í samkomulagi félaganna. Vægi aðildarfélaga í fulltrúaráði sameinaðs sjóðs verður reiknað að hausti 2027. Verða útreikningar í kjölfarið framkvæmdir á fjögurra ára fresti og samþykktum breytt í samræmi við það.

Sterk hefð er fyrir því bæði af hálfu stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa að horfa við val á stjórnarmönnum m.a. til þess á hvaða rótum sjóðurinn stendur. Á því er byggt að svo verði áfram.

### 8.2 Skipulag og starfsemi

Þegar ákvörðun liggur fyrir um sameiningu tekur við skipulagning á rekstri sameinaðs sjóðs. Báðir sjóðirnir hafa á að skipa reynslumiklu og öflugu starfsfólki sem leitast verður við að fái notið sín í sameinuðum sjóði.

Ekki er gert ráð fyrir fækkun starfsmanna vegna sameiningarinnar, þ.e. umfram það sem fyrirséð er vegna aldurstengdra starfsloka á næstu misserum. Hins vegar blasir við þörf á innleiðingu nýrra tæknilausna sem bæði gefa færi á lækkun kostnaðar vegna margvíslegra upplýsingakerfa, frá því sem ella hefði orðið, og bættri þjónustu við sjóðfélaga. Framundan eru því breytingar á inntaki starfa og viðfangsefnum sem kalla á starfsþróun. Í því felast fjölbreytt tækifæri fyrir lífeyrissjóðinn, starfsmenn hans og sjóðfélaga, sem stjórn hefur metnað til að nýta.

Sameinaður sjóður tekur við öllum ráðningarsamningum starfsmanna og halda þeir óbreyttum kjörum og réttindum við sameiningu sjóðanna. Þá tekur sjóðurinn við öllum þjónustusamningum, bæði á sviði fjárfestinga og rekstrar.

Í kjölfar sameiningar verða teknar upp viðræður við þjónustuaðila beggja sjóða með það að markmiði að tryggja sjóðnum hagkvæmustu kjör og sem besta þjónustu á öllum sviðum.

### 8.3 Samskipti við eftirlitsaðila

Eigi síðar en við samþykkt stjórna beggja lífeyrissjóða skal viðræðunefndin hlutast til um að fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem og efnahags- og fjármálaráðuneyti verði gerð grein fyrir áformaðri sameiningu og leitað samráðs um það hvaða gögn verði lögð fram með ósk um staðfestingu á tillögum að breytingum á samþykktum.

SES



HIG BH PÓA

Jafnframt skal kynna Samkeppniseftirlitinu áformaðan samruna og leita samráðs um það hvaða gögn og upplýsingar stofnunin telur að fylgja þurfi tilkynningu um samrunann skv. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

### 8.4 Innköllun

Við gildistöku sameiningar, sbr. 9. gr., skal stjórn Festu í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 49. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gefa út innköllun til lánadrottna sjóðsins með áskorun um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur sjóðnum innan tveggja mánaða.

## 9. Samþykktarferli sameiningar

Samningur þessi um sameiningu Gildis og Festu er háður þeim skilyrðum að aukaársfundir þeirra samþykki tillögu um sameiningu á grundvelli samrunasamnings þessa og jafnframt þær breytingar á ákvæðum samþykkta fyrir sameinaðan sjóð sem lagðar verða fyrir á aukaársfundum sjóðanna.

Samruninn er ennfremur háður samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, að fenginni umsögn fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á þeim breytingum á samþykktum sem liggja samrunanum til grundvallar.

Loks er samruninn háður því, að Samkeppniseftirlitið geri ekki athugasemdir við hann, eftir atvikum í kjölfar viðbragða við athugasemdum sem fram kunna að koma.

Miðað er við að sameiningin taki gildi þegar öllum framangreindum skilmálum hefur verið fullnægt þannig að sameinaður sjóður hefji starfsemi 1. janúar 2027.

Verði tafir á einhverjum þáttum í ofangreindu ferli frestast sameiningin og tekur fyrst gildi um næstu mánaðamót eftir að öllum fyrirvörum er aflétt. Samruninn miðast þá allt að einu við eignir og skuldbindingar eins og þær reynast þann 31.12.2026, enda sé öllum fyrirvörum aflétt eigi síðar en 1. apríl 2027. Ávinnsla réttinda skv. réttindatöflu sameinaðs sjóðs hefst þó fyrst eftir að sameiningin hefur tekið gildi.

Dragist samþykkt við samruna umfram það er stjórnum sjóðanna þó allt til 30. júní nk. heimilt að láta samrunann koma til framkvæmda með óbreyttum hætti skv. ákvæðum samnings þessa, enda liggi fyrir það álit ytri endurskoðenda og tryggingafræðinga sjóðanna um að töfin raski ekki þeim forsendum sem þar eru lagðar svo nokkru nemi.

Samrunasamningur þessi hefur verið samþykktur af stjórnum undirritaðra lífeyrissjóða.

undirskriftir á næstu blaðsíðu

Reykjavík, 4. september 2026

Gildi-lífeyrissjóður

Perla Ösp Ásgeirsdóttir,
formaður

Bjarnheiður Hallsdóttir,
stjórnarmaður

Festa lífeyrissjóður

Silja Eyrún Steingrímsdóttir,
formaður

Halldór Kristinsson,
varaformaður